

19. fundur Framkvæmdaráðs Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja

Haldinn á Austurvegi 56 á Selfossi, fimmtudaginn 22. október 2009 kl. 9:00

Mætt voru: Friðrik Pálsson, Jóna Sigurbjartsdóttir og Þorgils Torfi Jónsson. Elliði Vignisson tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað. Hörður Sigurgestsson og Elvar K. Valsson boðuðu forföll. Einnig voru mættir starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands: Sædís Íva Elíasdóttir, Steingerður Hreinsdóttir, Hrafn Sævaldsson og Þorbjörn Jónsson sem ritaði fundargerð.

Formaður framkvæmdaráðs setti fundinn og gekk til dagskrár:

1. Sérstök nýsköpunarverkefni í matvælaíðnaði – ákvörðun um umsóknir

Í rammasamningi VSSV eru skilgreindar 15 milljónir frá iðnaðarráðuneytinu til sérstakra nýsköpunarverkefna. Framkvæmdaráð VSSV ákvað að auglýsa eftir umsóknum tengdum matvælaíðnaði á Suðurlandi. 10 umsóknir bárust. Steingerður og Hrafn kynntu umsóknirnar fyrir framkvæmdaráðinu og lögðu fram mat starfsmanna á umsóknunum, skv. fyrirfram skilgreindum og auglýstum matsreglum. Heildarkostnaður allra verkefna hljóði upp á rúmar 80 mkr. Óskað var eftir stuðningi VSSV að upphæð 26,5 mkr. Framkvæmdaráð ákvað að styðja eftirfarandi verkefni um samtals 15 mkr., gegn a.m.k. jafnháu framlagi frá aðstandendum verkefnanna:

1. Endurmótaðar afurðir úr íslensku korni. Stuðningur VSSV 2,35 mkr.
2. Framleiðsla á matarolíu úr repju. Stuðningur VSSV 1,4 mkr.
3. Hagnýting afgangsráfnis, grænmeti. Stuðningur VSSV 0,9 mkr.
4. Kartöfluréttir. Stuðningur VSSV 2,35 mkr.
5. Lífrænn klasi í uppsveitum Árnessýslu. Stuðningur VSSV 2,0 mkr.
6. Ný tækifæri, nýr markaður ný sókn, Útflutningur á tilbúnum fiskréttum til Danmerkur. Stuðningur VSSV 3,0 mkr.
7. Smiðja um fullvinnslu grænmetis á Suðurlandi. Stuðningur VSSV 3,0 mkr.

2. Kynning á sérstökum nýsköpunarverkefnum í matvælaíðnaði

Framkvæmdaráð VSSV hyggst efna til kynningar á sérstökum nýsköpunarverkefnunum í matvælaíðnaði, sem getið er hér að ofan, á Hótel Rangá þann 4. nóvember 2009, kl. 14:00. Við sama tækifæri verður starfsemi og verkefni VSSV kynnt fyrir fjölmiðlum, aðilum atvinnulífsins og öðrum hagsmunaaðilum samningsins.

3. Menningaklasi í uppsveitum Árnessýslu, ný umsókn.

Á 18. fundi framkvæmdaráðs VSSV, 2. júlí 2009, lá fyrir til kynningar umsókn frá Menningarklasa í uppsveitum Árnessýslu. Afgreiðslu umsóknarinnar var frestað til 19. fundar framkvæmdaráðs. Á fundinum var fjallað um umsóknina. Samþykkti var að styðja verkefnið um 2,9 mkr. úr VSSV.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:00.

Friðrik Pálsson

Jóna Sigurbjartsdóttir

Elliði Vignisson

Þorgils Torfi Jónsson

Sædís Íva Elíasdóttir

Hrafn Sævaldsson

Steingerður Hreinsdóttir

Þorbjörn Jónsson